



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/611
komudagur 2.12.2011

Reykjavík, 30. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita, 24. mál.

Samtök atvinnulífsins telja að sá árangur sem flutningsmenn vænta af tillögunni verði vart merkjanlegur. Erfitt er að sjá fyrir sér að áberandi merkingar um hitaeiningar á sölustöðum skyndibita muni leiða til þess að dragi úr offitu hér á landi eða að lífsstíll fólks og mataræði muni breytast í kjölfarið. Látið er að því liggja í greinargerð með tillögunni að þarna sé skýrt samhengi á milli. Þvert á móti er líklegt að langflestir geri sér grein fyrir því að skyndibitafæði eins og fjallað er um í tillögunni „sé oft næringarsnautt og einhæft og í því er oft mikið af ómettaðri fitu“ og að „óhófleg neysla skyndibitafæðis getur leitt til þyngdaraukningar“ svo vitnað sé til Lýðheilsustofnunar.

Einungis lítill hluti neyslu almennings fer fram á veitingastöðum og á vef Hagstofunnar kemur fram að frá árinu 2002 til 2009 hefur hlutfall veitinga af neyslu lækkað úr 5,1% í 3,9%. Á vef Lýðheilsustofnunar kemur fram að dregið hafi úr neyslu skyndibita hér á landi undanfarin ár. Langstærstur hluti neyslunnar fer fram á heimilum og trúlegt er að mest neysla skyndibita eigi sér þar stað. Stöðugt hefur verið unnið að því undanfarin ár að auka og bæta merkingar matvæla og vara fólk við því sem telst miður heilnæmt. Einnig er uppi stöðugur áróður um heilbrigðan og hollan lífsstíl, jákvætt gildi hreyfingar og fjölbreytts mataræðis. Þrátt fyrir það „þjáist fimmtungur landsmanna af alvarlegustu tegund ofþyngdar og Íslendingar eru orðnir fjórða feitasta þjóð í Evrópu“ eins og segir í greinargerð með tillögunni.

Ekki er þó allt neikvætt. Frá árunum 1971-75 fram til ársins 2010 hefur ólífud meðalævi kvenna við fæðingu lengst úr 77,5 árum í 83,5 ár. Meðalævi karla við fæðingu hefur lengst úr 71,6 árum í 79,5 ár. Þannig hefur ævi kvenna lengst um 6 ár á tæpum 4 áratugum og karla um tæpa 8 ár á sama tíma. Ævi karla lengist þannig að jafnaði um 2,6 mánuði á ári og kvenna um tæpa 2 mánuði ári á þessu tímabili. Allt kemur þetta fram á vef Hagstofu Íslands. Á þessum tíma hafa lífskjör batnað, mataræði breyst, almenningur er meðvitaðri um eigin heilsu en áður, fólk hreyfir sig meira en áður og dregið hefur úr tóbaksneyslu. Einnig hefur aukist og batnað ýmis konar þjónusta og aðgangur að henni.

Þetta er ekki sett hér fram til að draga úr mikilvægi þess að almenningur fái greinargóðar upplýsingar um hvað er á boðstólum á skyndibitastöðum. Sjálfsagt standa þeir misjafnlega að málum hvað þetta varðar. Hjá að minnsta kosti einni keðju sem selur skyndibita eru veittar áberandi og nákvæmar upplýsingar um hitaeiningar í fjölda rétta auk þess sem vakin er sérstök athygli á þeim sem innihalda fæstar hitaeiningar og minnsta fitu. Þróun sú sem gert er ráð fyrir í tillögunni er því þegar hafin.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Mikilvægt er að unnið verði að þessu verkefni, ef af verður, í samráði við atvinnulífið og samtök fyrirtækja á þessu sviði. Þá þarf að skilgreina nánar hvað átt er við í tillögugreininni með sölustöðum sem selja skyndibita og skyndibitarétti. Mikilvægt er að fundnar verði þær leiðir sem líklegastar eru til að skila árangri miðað við kostnað og fyrirhöfn. Það er ekki víst að sú leið sem tillagan felur í sér sé líklegust til árangurs.

Virðingarfyllt,

Pjetur Keimarsen

